



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/711
komudagur 26.11.2012

Rvk., 21. nóvember 2012
EBG/--


Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 á 141. löggjafarþingi, þskj. 46 - 46. mál
Tilv. 2012110010

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 8. nóvember 2012.

Þetta frumvarp er nú flutt aftur í nánast óbreyttri mynd frá síðasta þingi, sbr. þskj. 712 - 466. mál. Láðst hefur að geta þess í hinu nýja frumvarpi að það hafi verið flutt áður og ekki komist úr nefnd eftir 1. umræðu í þinginu. Bændasamtökin sendu inn umsögn um framangreint frumvarp á 140. löggjafarþingi, sbr. erindi nr. P 140/1675. Bændasamtökin leyfa sér að vísa í þá umsögn sína en áréttta það sem hér kemur á eftir.

Bændasamtökin leggjast gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í þessari mynd. Réttara væri að hafa sérlög um seli. Málefni selveiða falla nú undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Verði frumvarpið að lögum mun málaflókkurinn færast til umhverfisráðuneytisins og þannig er enn leitast við að stækka það ráðuneyti. Selveiðar hafa verið nátengdar landbúnaði um árabil og vandséð er hvaða markmiðum á að ná með því að flytja málaflókkinn á milli ráðuneyta. Selveiðar eru mikilvæg hlunnindi fyrir bændur og þannig er með frumvarpinu enn leitast við að takmarka rétt bænda til hlunnindanýtingar. Þá er erfitt að sjá hvaða rök hníga til þess að gera það að meginreglu að selur verði friðaður. Þvert á móti ætti að taka til skoðunar hvaða viðbúnað stjórnvöld hyggjasta hafa vegna mögulegrar offjölgunar sela sem eru afræningjar fisks og lokahýslar hringorms sem sýkja fisk.

Þá skal bent sérstaklega á að selir eru sjávarspendýr en ekki landdýr eins og lög nr. 64/1994 fjalla fyrst og fremst um. Selir eiga fátt skylt við refi, minka, hreindýr, mýs, rottur, hvítabirni eða fugla.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson